

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hvalfjarðarsveit.

Breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku, Hvalfjarðarsveit.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýrri 13.837 m² íbúðarlóð austan við frístundahúsalóðirnar. Innan hennar verður heimilt að byggja allt að 300 m² íbúðarhús, 70 m² bílgeymslu og 40 m² fylgihús.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi sumarbústaðalóða, Glammastöðum.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sumarbústaðalóða Glammastöðum, Hvalfjarðarsveit.

Breytingin felst í fjölgun sumarhúsalóða úr 26 í 36. Deiliskipulagið hefur verið auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 123/2010.

Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis að Eyri.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis að Eyri, Hvalfjarðarsveit.

Breytingin felst í að lóð nr. 2 við Hrisabrekku úr eldra skipulagi fyrir Hrisabrekku er stækkuð með því að sameina hana nyrstu lóð af nýjum lóðum sunnan við Hrisabrekku úr deiliskipulagi frá 2006. Eftir breytingu verður lóðin 22.937 m² að stærð.

Tvær vestustu lóðirnar við Álfabrekku eru sameinaðar og verður hin sameinaða lóð nr. 5 við Álfabrekku 32.062 m² að stærð. Eldri skipulags- og byggingarskilmálar gilda óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi er afgreidd í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 31. ágúst 2011,

Skúli Lýðsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.